

## II Fjallaskíði hjá FFA 2022 - fyrir lengra komna

Dagsetningar fyrir viðburði:

Nr.	Dagur	Dagsetning	Ferðir
1.	Fimmtudagur	10. mars	Ferð 1
2.	Miðvikudagur	16. mars	Ferð 2
3.	Laugardagur/sunnudagur	19. eða 20. mars	Ferð 3
4.	Fimmtudagur	24. mars	Ferð 4
5.	Laugardagur/sunnudagur	2. eða 3. apríl	Ferð 5

**Fjöll sem koma til greina að skinna og skíða:** Ystavíkurfjall, Kræðufell, Þingmannahjúkur, Draflastaðafjall, Karlstaðafjall, Hólsöxl, Múlakolla, Kaldbakur, Blátindur, Háurindar, Bunga, Strýta, Kista o.fl. **Tekin verður ákvörðun um fjall dagsins með fyrirvara um veður og snjóalög. Áhersla verður á góðan félagskap og gleðina við að skíða og njóta íslenskrar náttúru og íslenskra fjalla að vetrarlagi.**

Á virkum dögum eru ferðirnar kl. 17:30 en um helgar kl. 9. Stefnt er að því að ferðir á virkum dögum taki um 2 – 4 tíma en ferðir um helgar geta tekið um 4 – 7 tíma.

**Hugsanlega þarf að færa dagsetningar til vegna veðurs og snjóá.**

**Þátttakendur þurfa að mæta með allan búnað og hjálmanotkun er skilyrði.**

Á námskeiðinu læra þátttakendur m.a.:

- Um fjöllin: Hvernig ber maður sig að og hvað ber að varast?
- Líkamsbeitingu utan brautar m.t.t. færís
- Að skinna í utan brautar
- Skíðamennsku á fjallaskíðum

Umsjónarmenn og fararstjórar eru Kristín Irene Valdemarsdóttir og Jón Marinó Sævarsson.

Lágmarksfjöldi er 12 manns.

Verð: 19.000 kr. fyrir félag í FFA og FÍ. Makar félagsmanna greiða sömu upphæð. Fyrir aðra bætist félagsgjald í FFA fyrir 2022 við sem er 8.900 kr. Greiða þarf þegar skráningu lýkur, krafa verður stofnuð í netbanka.

**Skráningu lýkur 2. mars.**

Nánari upplýsingar veita: Kristín Irene, [kristinirenevaldemarsdottir@gmail.com](mailto:kristinirenevaldemarsdottir@gmail.com) eða í síma 898-3171 og Jón Marinó fararstjóri, [jonmarsae@gmail.is](mailto:jonmarsae@gmail.is) eða í síma 863-7724